



Til innkaupanefndar.

Kópavogi, 28. apríl 2026
26043114/001.02 SSF

Efni: Tilkynning kærunefndar útboðsmála um kæru Ístaks hf.

Málið varðar útboð í máli nr. 2402380 og samkeppnisviðræður um hönnun og byggingu knattspyrnuleikvangs við Kórinn. Þann 13. apríl 2026 tók innkaupanefnd ákvörðun í málinu um val tilboðs ÞG verktaka ehf. og var ákvörðunin staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 16. apríl 2026 og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Þann 27. apríl 2026 barst tilkynning frá kærunefnd útboðsmála um að kæra hefði borist frá Ístaki hf. (Mál nr. 22/2026). Kæran varðar ákvörðun um val tilboðs og hún barst innan lögboðins biðtíma skv. 86. gr. laga um opinber innkaup. Móttaka kærunnar leiðir því sjálfkrafa til þess að gerð samnings er óheimil þar til kærunefnd hefur leyst úr málinu eða ákveðið að aflétta banni við samningsgerð skv. 107. gr. laganna.

Í kæru er gerð sú krafa að ákvörðun um val tilboðs ÞG verktaka ehf. verði felld úr gildi og að kærunefnd láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Kópavogsbæjar gagnvart Ístaki hf. Í kæru er annars vegar byggt á því að einkunn fyrir gæði tillögu Ístaks hf. hafi verið röng í þessum matsliðum. Hins vegar er byggt á því að tillaga ÞG verktaka ehf. uppfylli ekki skilyrði útboðsgagna og byggingareglugerðar, n.t.t. að því er varðar staðsetningu stiga og lyftu, þakhalla, fjölda gipsveggja og aðkomu að lóð.

Kæra hefur verið yfirfarin af lögfræðipjónustu, framkvæmdadeild og innkaupadeild. Athugasemdir í kæru eru ekki taldar leiða til þeirrar niðurstöðu að ákvörðun um val tilboðs hafi verið ólöglegt. Því hefur verið tekin ákvörðun um að skila greinargerð til kærunefndar af hálfu Kópavogsbæjar þar sem kröfum Ístaks hf. verður mótmælt.

Málið er lagt fram til upplýsinga.

{Undirritað rafrænt}
Steinn Finnbogason
Yfirlögfræðingur

Meðfylgjandi:

Bréf kærunefndar útboðsmála dags. 27.4.2026.

Kæra Ístaks hf. dags. 27.4.2026.

